Messur



Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 9. okt. 1988

Héraðsfundur í Reykjavíkurprófastsdæmi verður haldinn í Viðey sunnudaginn 9. okt. kl. 16.00.

Árbæjarkirkja. Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardag kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í Árbæjarkirkju sunnudag kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Vænst er þátttöku væntanlegra fermingarbarna í guðsþjónustunni. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja. Barnasamkoma kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Mánudagur: Kvenfélagsfundur kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Bræðrafélagsfundur á sama tíma. Miðvikudagur: Félagsstarf aldraðra kl. 13–17. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall. Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Vænst er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan. Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Öll börn velkomin. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Messa kl. 11. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 14. Sr. Lárus Halldórsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn H. Friðriksson. Mánudagur 10. okt. kl. 13.30. – Setning Alþingis.

Elliheimilið Grund. Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Anders Josephsson.

Fella- og Hólakirkja. Barnaguðsþjónusta sunnudag kl. 11. Umsjón Guðmundur og Hólmfríður. Guðsþjónusta kl. 14. Vænst er þátttöku fermingarbarna. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson. Mánudagur: Fundur í æskulýðsfélaginu kl. 20.30. Þriðjudagur: Samvera fyrir 12 ára börn kl. 17. Miðvikudagur: Guðsþjónusta og altarisganga kl. 20. Sóknarprestur.

Grensáskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Sunnudagspóstinum dreift. Mikill söngur, foreldar velkomnir með börnunum. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Gylfi Jónsson. Sr. Halldór S. Gröndal.

Hallgrímskirkja. Messa kl. 11. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Sr. Eric Sigmar prédikar. Frú Svava Sigmar syngur einsöng. Mándudagur: Messa á vegum Ísleifsreglu kl. 20. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Miðvikudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 10.

Landspítalinn. Messa kl. 10. Sr. Sigurður Pálsson.

Háteigskirkja. Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 14. Kvöldbæn ir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Sóknarprestar.

Hjallaprestakall. Barnasamkoma kl. 11 í messuheimili Hjallasóknar, Digranesskóla. Guðsþjónusta kl. 14 í Kópavogskirkju. Ferming, altarisganga. Prestur Kristján Einar Þorvarðarson. Organisti Solveig Einarsdóttir. Kór Hjallasóknar syngur. Fermd verða systkinin Ingibjörg Gestsdóttir og Áskell Gestsson, Engihjalla 11, og Þórður Ægir Bjarnason, Borgarholtsbraut 55, Kóp. Sóknarprestur.

Kársnesprestakall. Laugardagur: Aðalfundur Kársnessóknar verður í Borgum laugardaginn 8. okt. kl. 15. Sunnudagur: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11. Sóknarnefndin.

Langholtskirkja. Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur – sögur – myndir. Þórhallur Heimisson cand. theol og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Jón Stefánsson. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.

Laugarnesprestakall. Laugardagur 8. okt.: Guðsþjónusta í Hátúni 10b, 9. hæð, kl. 11. Sunnudagur: Messa kl. 11 í Laugarneskirkju. Altarisganga. Barnastarf. Fundur fyrir foreldra fermingarbarna strax eftir messu. Kaffi á könnunni. Sóknarprestur.

Neskirkja. Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Munið kirkjubílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Ólafur Jóhannsson. Mánudagur: Æskulýðsfundur fyrir 12 ára börn kl. 18. Æskulýðsfundur fyrir 13 ára og eldri kl. 19.30. Þriðjudagur: Æskulýðsfundur fyrir 10–11 ára kl. 17.30. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Ólafur Jóhannsson.

Seljakirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Seltjarnarneskirkja. Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Kaffi eftir messu. Organisti Sighvatur Jónasson. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

Stokkseyrarkirkja. Barnamessa kl. 11. Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Fríkirkjan í Reykjavík. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Almenn guðsþjónusta kl. 14.00. Orgelleikari Pavel Smid. Sr. Cecil Haraldsson.

Héraðsfundur í Viðey sunnudaginn 9. október

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis verður að þessu sinni haldinn úti í Viðey. Farið verður úr Sundahöfn kl. 15.30 með fyrstu fundargestina og síðan strax aftur með næsta hóp. Fundur hefst með kaffiboði Dómkirkjusafnaðarins en síðan hefjast venjuleg héraðsfundarstörf en þar er um að ræða aðalfund prófastsdæmisins. Dómprófastur gefur skýrslu sína, greint er frá reikningum safnaða og helstu viðburðum liðins starfsárs og lögð fram fjárhagsáætlun vegna næsta árs.

Þá gefa nefndir skýrslur og rætt verður um þau mál sem efst eru á baugi og m.a. um álit nefndar þeirrar sem ráðherra skipaði til að gera tillögur um breytingar á prestaköllum og prófastdæmum.

Héraðsfund sækja prestar, sóknarnefndarfólk og starfsmenn safnaðanna.



Úr uppsetningu Kjartans Ragnarssonar á Hamlet.

Leikfélag Reykjavíkur:

Hamlet

Sýningar á Hamlet hófust í gærkvöldi. Harmleikurinn um Hamlet Danaprins var frumsýndur í apríl og urðu sýningar fjórtán það leikárið.

Uppsetning Kjartans Ragnarssonar á þessu víðfrægasta leikverki heimsbókmenntannna vakti mikla athygli og umtal enda er um margt djarft teflt og ótal nýjungar á annarri hverri þúfu.

Gagnrýnendur lofuðu sýninguna og áhorfendur tóku leikritinu vel og var aðsókn góð. Næsta sýning á Hamlet er í kvöld.

Kjarvalsstaðir:

Tvær myndlistarsýningar

Á morgun kl. 14.00 verða opnaðar myndlistarsýningar í vestursal Kjarvalsstaða. Tvær listakonur, Guðrún Gunnarsdóttir og Sigrún Eldjárn, sýna verk sín. Guðrún sýnir textílverk og Sigrún olíumálverk.

Þær hafa báðar haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Sýningarnar verða opnar daglega frá kl. 14 – 22 og lýkur þeim 23. október.



Sigrún Eldjárn.



Guðrún Gunnarsdóttir.


Nýhöfn:

Verk unnin í leir og gler

Borghildur Óskarsdóttir opnar á morgun myndlistarsýningu í Listasalnum Nýhöfn, Hafnarstræti 18. Á sýningunni verða ellefu verk unnin í leir og gler á þessu ári.

Þetta er fjórða einkasýning Borghildar en hún hefur einnig tekið þátt í fjölda samsýninga. Borghildur stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Edinburgh College of art. Hún var kennari við Myndlistaskólann í Reykjavík 1973–1984. Borghildur vann 1. verðlaun í samkeppni um merki Listahátíðar 1988.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga frá kl. 10.00–18.00 og um helgar frá kl. 14.00–18.00. Sýningunni lýkur 26. október.




Borghildur Óskarsdóttir við eitt verka sinna.

Akrílmyndir í Tunglinu

Elín Magnúsdóttir myndlistarkona opnar sýningu í Tunglinu í dag. Þar sýnir hún stórar akrílmyndir sem allar hafa svipað þema, piano forte. Elín lauk prófi frá Gerrit Rietveldt Akademiunni í Amsterdam vorið 1987.

Sýningin stendur í tvær vikur, Opnunin verður í kvöld kl. 22.00.



Árið 1905 héldu menn að búið væri að finna að vatni þegar danski bormaðurinn taldi sig aðalfrétt ársins 1905 en því miður reyndist hvorki var unnið gull í Vatnsmýrinni né fengu

Ráðstefna um sagnf

Eru fjölmiðla og hégómi ser

Á ráðstefnu um íslenskar sagnfræðirannsóknir, sem verður haldin í Norræna húsinu á morgun, verður meðal annars fjallað um þá spurningu hvort sagnfræði og fjölmiðlar stangist á.

Það er Már Jónsson sagnfræðingur og fréttamaður sem flytja mun erindi um efnið. Þrettán aðrir sagnfræðingar munu flytja fyrirlestra á ráðstefnunni í Norræna húsinu sem hefst klukkan níu um morguninn og stendur með stuttum kaffi- og matarhléum fram undir klukkan sex.

Hvert erindi verður um það bil tuttugu

Sýningar

Árbæjarsafn,
sími 84412
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 10–18.

Ásgrímssafn,
Bergstaðastræti 74
Lokað um óákveðinn tíma.

Bókakaffi,
Garðastræti 19
Margrét Lóa sýnir í Bókakaffi. Myndirnar eru flestar unnar á þessu ári. Sýningin er opin á venjulegum afgreiðslutíma kaffihússins frá kl. 10–18.30 og á laugardögum kl. 10–16.

FÍM-salurinn,
Garðastræti 6
Bergljót Kjartansdóttir sýnir málverk í FÍM-salnum dagana 12–23. október nk. Opið verður alla daga kl. 14–19. Opnun miðvikudaginn 12. október kl. 17–19.

Gallerí Gangskör
Laugardaginn 8. október kl. 16 opnar Anna Gunnlaugsdóttir málverkasýningu. Sýningin er opin kl. 12–18 virka daga og kl. 14–18 um helgar, lokað á mánudögum. Sýningunni lýkur 24. október.

Gallerí Grjót,
Skólavörðustíg 4a
Samsýning meðlima Gallerí Grjóts. Á sýningunni eru málverk, grafík, teikningar, skúlptúrar í stein, leir, járn og stál, nytjahlutir úr leir og silfurskartgripir.

Gallerí List,
Skipholti 50
Í Gallerí List stendur yfir sýning Höllu Haraldsdóttur á steindu gleri. Á sýningunni eru einnig myndir unnar með vatnslitum, fjöðurstaf og penna. Sýningin stendur til 9. október.

Grafík-gallerí Borg,
Austurstræti 10
Í glugga grafík-gallerísins stendur nú yfir kynning á grafíkmyndum eftir Daða Guðbjörnsson og keramikverkum eftir Borghildi Óskarsdóttur. Auk þess er til sölu úrval grafíkmynda eftir fjölda listamanna.

Gallerí Borg
Jón Þór Gíslason sýnir olíumálverk og teikningar í Gallerí Borg. Þetta er fjórða einkasýning Jóns Þórs. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18. Henni lýkur þriðjudaginn 18. október.

Gallerí Langbrók,
Bókhlöðustíg 2,
textílgallerí. Opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí Svart á hvítu,
Laufásvegi 17
Þar stendur yfir sýning á grafíkverkum og höggmyndum Sóleyjar Eiríksdóttur. Sóley er Hafnfirðingur, fædd 1957. Hún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk þaðan námi árið 1981. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis. Hún hélt síðast einkasýningu á Kjarvalsstöðum árið 1987. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14–18 og stendur til 16. október. Í listaverkasölu gallerísins (efri hæð) eru til sölu verk ýmissa myndlistarmanna.

Hafnargallerí,
Hafnarstræti 4
Gréta Ósk Sigurðardóttir, Guðrún Nanna Guðmundsdóttir, Íris Ingvarsdóttir og Þórdís Elín Jóelsdóttir sýna grafík í Hafnargallerí. Sýningin er opin til 22. október á afgreiðslutíma verslunarinnar.

Kjarvalsstaðir
við Miklatún
Laugardaginn 8. október kl. 14 verða opnaðar tvær myndlistarsýningar í vestursal Kjarvalsstaða. Guðrún Gunnarsdóttir sýnir textílverk og Sigrún Eldjárn sýnir olíumálverk. Þær hafa báðar haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningarnar eru opnar daglega kl. 14–22 og lýkur þeim 23. október.

Listasafn Einars Jónssonar
við Njarðargötu
er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Listasafn Háskóla Íslands
í Odda, nýja hugvísindahúsinu, er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands,
Fríkirkjuvegi 7
Í sölum 1 og 2 stendur nú yfir sýning á íslenskum verkum í eigu safnsins. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17. Aðgangur að sýningunni er ókeypis. Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns,
Einholti 4
Opið á sunnudögum kl. 14–16.

Norræna húsið
Bandarískí málarinn Alcopley sýnir málverk, grafík og teikningar í anddyri Norræna hússins. Sýningin er opin á meðan Norræna húsið er opið, kl. 9–19 á virkum dögum og kl. 12–19 á sunnudögum til 9. október. Í kjallara hússins stendur yfir sýningin Þrenna I sem er samsýning þriggja ungra myndlistarmanna sem búsettir eru í Osló. Það eru þau Nicola Schröder frá Þýskalandi, Elisabeth Jardstö og Kalle Grude frá Noregi. Á sýningunni eru skúlptúrar, video og installasjónir. Sýningin er opin daglega kl. 14–19 og stendur til 9. október.

Nýhöfn
v/Hafnarstræti
Laugardaginn 8. október kl. 14–16 verður opnuð sýning Borghildar Óskarsdóttur í Listasalnum Nýhöfn. Á sýningunni verða 11 verk, unnin í leir og gler á þessu ári. Þetta er fjórða einkasýning Borghildar. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18. Sýningunni lýkur 26. október.

Nýlistasafnið
Dagmar Rhodius sýnir í Nýlistasafninu. Listakonan kallar sýninguna Straumland og er hún installasjón með ljósmyndum, teikningum, íslenskum steinum og orðum. Steinar og orð eru meginþráðurinn í sýningarinnar. Sýningin er opin daglega frá kl. 16–20 og stendur hún til 9. október.